

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið skv. framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins hefur framkvæmt á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1979.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 405/1978 frá 14. nóvember þess árs.

*Fjármálaráðuneytið, 21. nóvember 1979.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Gunnlaugur Claessen.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja  
nr. 291 29. maí 1979.

### 1. gr.

Við 5. gr. bætist nýr stafliður:

- k. Verð lyfja skal ávallt rita á lyfseðil. Verð umbúða samkvæmt reglum lyfja-verðskrár, skal vera innifalið í verði lyfsins.

### 2. gr.

6. gr. stafliður h orðist svo:

- h. Lyfseðla, er hljóða á eftirritunarskyld lyf og hafa verið afgreiddir, skal senda Lyfjaeftirliti ríkisins í ábyrgðarpósti fyrir 10. næsta mánaðar eftir að lyfið hefur verið afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta í sjúkrasamlagi, skal nota ljósrit af lyfseðlinum.

### 3. gr.

7. gr. stafliður a orðist svo:

- a. Lyfseðlar eru ógildir þremur mánuðum eftir útgáfudag.

### 4. gr.

7. gr. stafliður b orðist svo:

- b. Lyfseðill gildir aðeins fyrir eina afgreiðslu. Þegar lyf er afgreitt eftir lyfseðli skal auðkenna hann stimpli lyfjabúðarinnar. Dagsetningar afgreiðslu skal getið á lyfseðlinum.

## 5. gr.

10. gr. stafliður o, liður V orðist svo:

- o. Töflur eða hylki, sem innihalda D-vítamín:  
 „Venjulegur dagskammtur: 400 a. e.“ Töflur eða hylki, sem innihalda D-vítamín og A-vítamín:  
 „Venjulegur dagsskammtur A-vítamíns: 5 000 a. e.  
 Venjulegur dagsskammtur D-vítamíns: 400 a. e.“

## 6. gr.

Við 10. gr. staflið o bætist nýr liður, XI svohljóðandi:

- XI. Lyf í fljótandi formi, sem innihalda hexaklórófen í meira magni en 0.1% skal auðkenna með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: „Gætið þess, að lausnir komist ekki í vit, sár eða fleiður.“

## 7. gr.

Eftirfarandi viðbót verður við Viðauka 1 við reglugerðina (Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athuga-semdir	Dæmi
Chlorquinaldolum	Pasta, smyrslí	Ekki yfir 50 mg/g	

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 7. nóvember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 31. október 1979 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað þess að ætla landspíldu þá, sem takmarkast af Rauðagerði að sunnan, Tunguvegi að austan en Miklubraut að norðan undir útivistarsvæði, skuli hún hér eftir ráðgerð undir einbýlishús, nema vestasti hlutinn, sem ætlaður er undir iðnað.

Staðfesting þessi er gerð samkvæmt ákvæðum í 19. gr. laga nr. 19/1964 og tilkynnist hér með öllum sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1979.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*